

D _ a _ l _ h _ ú _ s .

Jörð í Skeggjastaðahrepp næst austan við Skeggjastaði, sama um örnefni þar að segja og fyrri safn Þórarins í Steintúni og margir sem fóru yfir það, þó einna helzt Jónas.

Bærinn stendur við samnefnda á, þetta var upphaflega hjáleiga frá Skeggjastöðum. Bærinn stendur á vesturbakka Dalhúsár (1), sem er ein briggja, sem mynda Bakkaá (2), hinar eru Mx Gæsagilsá (3), sem ræður hér austurmörkum til heiðar, og svo Hölkná, sem kemur að austan í Bakkaá, skömmu eftir að hinar eru komnar saman. Milli Dalhúsár og Gæsagilsá er tunga, sem heitir Gæsagilstunga (4). Yzti hluti hennar er örmjör; utarlega í Gæsagilstungu eru Búðarhvammar (5) við Gæsagilsá, þá breikkar tungan og tveir dalir opnast, þeir heita Austurdalur (6) og Norðurdalur (7). Inn með Gæsagilsá er melur, sem heitir Austurás (8), og þegar kemur inn fyrir hann með ánni, er þar hvammur. Í honum er eyðibýlið Gæsagil (9), þar var í byggð 1830-57, aftur 1864-66, 1870-81 (var þá í eyði 1871), svo var þar búið, þó ábúandinn væri þar ekki 1903, þetta var upphaflega sel frá Skeggjastöðum en var þá lagt undir Dalhús.

Milli Áysturdals og Norðurdals er ás, sem heitir Miðás (10). Innst á honum var býli, sem hét Melur (11), það var í byggð 1857-64. Béndinn, sem bjó í Gæsagili, flutti bæ sinn þangað og bjó þar þessi 7 ár. Norðurás (12) heitir melbrún, sem liggur innmeð Norðurdalnum að nerðan ug vestan, syðst á honum er Miðmundafell (13). Meðfram því að vestan er Miðmundadalur (14). Suður af því er allstóri svæði Vförar (15). Vestur af Vförum er Staðarvatn (16); en það er eining suður af Sauðhofða (17) smáspöl. Vförarinnir eru eyrar og mýrarhöllir.

Upp með Dalhúsá eru Litlutungur (18), sem ná móts við Neöreyrar, er síðar geturinnan við Litlutungur eru hæðardrög allt suður að Staðarvatni. Vestan við þessar hædir rennur Sauðhofðalækur (19) í Dalhúsá.

Nú er að fara aftur á merki móti Skeggjastöðum, þar er þá fyrst um 2 km frá sjó Melhorn (20), og suður frá því liggur Melbrún (21). Melshornið er nokkuð innan við Tjarnarmó i Skeggjastaðalandi. Þá er Fögruhlfðarhéll (22) og Hyrna (23), sem er sérkennileg hraunstrýta á Hyrnuás (24) móts við Hyrnuskot í Skeggjastaðalandi. Ofan við þaðinn suðaustur af Hyrnu eru meloldur með krappri lyngbrekku að austan, þetta heitir Fagrhlíf (25). Suður af henni gengur hækkandi melbrún með klettabeltum og kjarri, heitir Langahlíf.

(26) meðfram Lönguhlíð að austan er Lönguhlfðarfleí (27).

Vestur af Miðmundahæð (28) eru Miðmundalækir (29). ■ Austari-Miðmundalækur (30) er í landi Dalhúsa.

Brekkurnar Bakkaármegin við Melshern heita Bríngir (31). Svarðargil (32) gengur upp í þessa melbrún utan við bæinn. Inn með Dalhúsá að vestan er fléi, og þar tekur við ás, sem heitir Bæjarás (33). Rétt sunnan við Bæjarlæk (34) og þær er Flugulækur (35), sem fellur í ána úr Lönguhlfðarfleá. Við ána þar innar er Stekkjarhvammur (36) og milli Dalhúsár og Lönguhlíðar eru Flóabungur (37) móar og mýrar. Þvert fyrir innann Flóabungur er ■ Djúpadokk (38). Þar innaf er svo Eyrahæð (39). Vestan undir henni er smáttjörn, þar uppf eru Neðrieyrar (40) og leks þar eru Efrieyrar (41).

Stafréfsskrá yfir Dalhúsaörnefni:

Austurás	8	Nedrieyrar	40
Austurdalur	6	Nerðurás	12
Bakkaá	2	Nerðurdalur	7
Bríngir	31	Sauðhofðalækur	19
Búðarhvammar	5	Sauðhofði	17
Bæjarás	33	Staðarvatn	16
Bæjarlækur	34	Stekkjarhvammur	36
Dalhúsá	1	Svarðargil	32
Djúpadokk	38	Víðrar	15
Efrieyrar	41		
Eyrahæð	39		
Fagralhfó	25		
Flóabungur	37		
Flugulækur	35		
Fögruhlfðarhéll	22		
Gæsagil	9		
Gæsagilsá	3		
Gæsagilstunga	4		
Hyrna	23		
Hyrnuás	24		
Langahlíð	26		
Litlutungur	18		
Lönguhlfðarfleí	■ 27		
Melbrún	21		
Melhern	20		
Melur	11		
Miðás	10		
Miðmundadalur	14		
Miðmundafell	13		
Miðmundahæð	28		
Miðmundalækir	29		
Miðmundalækur austari	30		

Dalhús

Skeggjastaðahreppi

N.-Múl.

1. Er vitað, af hverju Búðarhvammar draga nafn?
2. Dregur Svarðargil nafn af mótekju?
3. Er skyring til á nafninu Flugulækur? Fellur hann um flatneskju?
4. Eru stekkjarrústir í Stekkjarhvammi?